

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 9. febrúar 2016 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Þröstur Helgason. Steinunn Stefánsdóttir mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing um Raddir

Sjá fg. stj. ÍM 1/2016, 1. lið. Hilmar sagði frá starfi undirbúningshóps ÍM og Radda. Hópurinn hefur þingað tvisvar. Ákveðið hefur verið að hafa fyrirhugað málþing 12. maí og verður það líklega haldið í Norræna húsinu. Skipulag þess er langt komið og verður fljótlega rætt við fyrirhugaða fyrirlesara. Ánægja var með starf undirbúningshópsins. Reynt verður að fá RÚV til að taka upp þingið. Næsti fundur hópsins verður 18. febrúar.

2. Málræktarþing ÍM í nóvember

Rætt var um fyrirhugað málræktarþing Íslenskrar málnefndar í nóvember. Þema þess verður *Íslenskan í stafrænum heimi*. Það er fyrst fjögurra áhersluatriða í stefnuskrá ÍM 2015–2019. Ármann sagði mikilvægt að komið yrði á fót gæðatextasöfnum með sígildum íslenskum textum, t.d. heildarskrifum Jóns Sigurðssonar. Gjaldfrjálsar textasíður með þúsundum texta væru til fyrir ensku og fleiri mál en vantaði sárlega fyrir íslensku. Auðvelt þyrfti að vera að finna textana í vefleit (t.d. Google). Textasafnið þyrfti að vera ókeypis, vandað og leitarbært. Vísar að slíkum síðum eru t.d. Netútgáfan (<http://www.snerpa.is/net/index.html>) og Rafbókavefurinn (<http://rafbokavefur.is/category/rafbækur/>). Einnig mætti líta til hinna vinsælu vefsíðna Landsbókasafns, Tímarit.is og Bækur.is. Fá mætti fulltrúa frá Þjóðarbókhöfðunni, Snerpu, Skólavefnum eða Blindrabókasafninu til að halda erindi um þetta efni og veitta mætti viðurkenningar.

Annað sem nefnt var að fjalla mætti um á þinginu var fyrirhuguð vefsíða Árnastofnunar Málið.is. Fá mætti einhvern frá stofnuninni til að kynna þennan vef þar sem safnað verður saman á aðgengilegan hátt upplýsingum um íslenskt mál. Einnig var nefnt að grátlegt væri að *Íslensk orðabók*, grundvallarorðabók málsins, væri ekki aðgengileg gjaldfrjáls á Netinu. Fjalla mætti um stöðu þeirra mála á þinginu.

Formaður og varaformaður ætla að taka saman drög að dagskrá þingsins fyrir næsta fund.

3. Umræða um frumvarp til laga

Nefndasvið Alþingis óskaði eftir athugasemdum Íslenskrar málnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um ársreikninga (nr. 3/2006). Þingskjal 730 – 456. mál. Í 6. lið frumvarpsins stendur: „... og skal texti ársreiknings, og samstæðureiknings ef félag gerir slíkan reikning, vera á íslensku eða ensku.“ Formaður spurði hvort ekki væri rétt að á rétta í þessu og öðrum slíkum málum vægi og stöðu íslenskunnar samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu nr. 61/2011. Stjórnarmenn voru sammála um að slíkt þyrfti að gera. Ármann sagði að mikilvægt væri að íslenskan hefði sem víðast umdæmi.

Önnur mál

a) Fundur samstarfshóps norrænu málnefndanna í apríl

Jóhannes sagði að samstarfshópur norrænu málnefndanna (Netværket for sprognavnene i Norden) hefði ákveðið að halda fund 11. apríl um framtíð samstarfsins. Guðrún og Jóhannes verða fulltrúar ÍM á fundinum.

b) Nýjar ritreglur

Jóhannes greindi frá því að Katrín Axelsdóttir hefði lokið við að prófarkalesa drög ritreglnanna í verktakavinnu. Næstu skref eru þau að Jóhannes mun fara yfir athugasemdir og leiðréttingar Katrínar og leiðréttu drögin. Vafamál verða borin undir Harald Bernharðsson, formann stafsetningarnefndar. Jóhannes mun senda leiðrétt drög til stjórnar ÍM fyrir marsfund hennar. Stefnt verður síðan að því að endanleg drög verði lögð fyrir alla málnefndina á fundi hennar í apríl. Ef þau verða samþykkt þar verða þau því næst send til ráðuneytis og óskað eftir að þau verði auglýst.

Mál til bókunar

Formaður sendi bréf 14. janúar til utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar. Í bréfinu stendur m.a.: „Íslensk málnefnd telur ótækt að stjórnvöld hafi tekið við skýrslu á ensku frá fyrirtækinu Reykjavík Economics sem unnin var m.a. fyrir samráðshóp sem stjórnvöld áttu aðild að. Samkvæmt 8. grein laga nr. 61 frá 7. júní 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls er íslenska mál Alþingis, dómstóla og stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Störf Stjórnarráðsins skulu því fara fram á íslensku, þar með talin ritun skýrslna til notkunar innan stofnana þess.“ Viðtal var við Guðrúnu Kvaran á RÚV 19. janúar og birt frétt um málið (sjá <http://www.ruv.is/frett/logbrot-ad-skyrsla-se-a-ensku>).

Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2011–2015 hefur verið birt á vef nefndarinnar (<http://islenskan.is/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2011-2015>). Ritari hafði samband við Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur í mennta- og menningarmálaráðuneyti 19. janúar um að birta frétt um nýja stefnuskrá ÍM á vef ráðuneytisins. Birt var frétt um hana þar 21. janúar (sjá <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Viðtal var við Guðrúnu Kvaran um stefnuskrána 1. febrúar í Samfélaginu á Rás 1 (sjá <http://www.ruv.is/frett/auka-tharf-islenskukennslu-tvityngdra-barna>).

Kópavogsbær birti vinningstillögur um skipulag á Kársnesi í byrjun febrúar. Upplýsingar um tillögurnar voru nær eingöngu á ensku. Viðtal var við Ármann Jakobsson í RÚV 3. febrúar þar sem hann sagði m.a. að slíkt gæti varla talist eðlilegt. Bagalegt sé að birta slíkar upplýsingar ekki á íslensku (sjá <http://www.ruv.is/frett/tillogur-um-framtid-karsness-birtar-a-ensku>).

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.